Frá hugmynd að verki: Fab Lab í Sögu sem vettvangur þverfaglegs náms í breyttum heimi

Á tímum hraðrar tækniþróunar og aukinnar notkunar gervigreindar verður sífellt brýnna að háskólanám efli getu nemenda til að beita þekkingu, skapa og taka ábyrgar ákvarðanir. Þegar stafrænar lausnir auðvelda vinnu með hugmyndir og miðlun þekkingar er mikilvægt að nemendur fái jafnframt tækifæri til að læra með verklegri reynslu. Hvernig geta þeir nýtt fræðilega þekkingu til að þróa og prófa lausnir á raunverulegum viðfangsefnum? Og hvernig sköpum við námsumhverfi þar sem nemendur ólíkra fræðasviða sameina krafta sína, gera tilraunir og læra hvert af öðru?

Í erindinu verður fjallað um hvernig Fab Lab í Sögu getur orðið sameiginlegur vettvangur fyrir verklegt, skapandi og þverfaglegt nám, en stefnt er að opnun í byrjun árs 2027. Kynnt verður fyrirhugað samstarf Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Mixtúru á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar þar sem tækifæri skapast til að tengja tæknilega og vísindalega sérþekkingu, kennslufræði og reynslu af skólastarfi í sameiginlegri þróun náms og kennslu.

Fab Lab í Sögu getur orðið mikilvægur vettvangur fyrir þróun kennsluhátta og samstarf þvert á fræðasvið Háskóla Íslands og eflir um leið tengsl við skólasamfélagið. Með aðgangi að búnaði og leiðsögn geta nemendur og kennarar unnið saman að verkefnum sem tengja fræðilega þekkingu við verklega framkvæmd. Erindið varpar ljósi á hvernig slíkur vettvangur getur styrkt háskólasamfélagið og stutt við loforð háskólamenntunar: Að búa fólk undir að skilja heiminn og taka virkan þátt í að móta hann.

Höfundar og flytjendur

Alexía Rós Gylfadóttir – verkefnisstjóri sköpunar hjá Nýmennt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og tengiliður Mixtúru.

Hafliði Ásgeirsson – tæknimaður á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands.

Magnús Pétursson – tæknimaður á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands.